

Nd. 786. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [23. mál]

í málinu: Frv. til l. um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá Jóni Pálmasyni.

Þar sem í gildi eru lög um heilsuhæli fyrir drykkjumenn, nr. 108 30. des. 1943; þar sem greitt var úr ríkissjóði kr. 867442.85 á árunum 1945—1946 til byggingar drykkjumannahælis í Kaldaðarnesi samkvæmt nefndum lögum; þar sem ríkisstjórnin hefur án samþykktar Alþingis afsalað þessu hæli til einstaklings fyrir lítið verð, og þar sem nú er búið að ákveða afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1949, þá getur þingdeildin eigi samþykkt margra milljóna króna framlög úr ríkissjóði til stofnunar annarra drykkjumannahæla og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.